

L Ö G

**um breyting á lögum nr. 29 16. des. 1885, um lögtak og fjárnám
án undangengins dóms eða sáttar.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað orðanna „í viðurvist notarii publici eða tveggja vitundarvotta“ í 1. málsg. 15. gr. laganna komi: í viðurvist notarii publici, héraðsdóms- eða hæstaréttar-lögmanns eða fulltrúa þeirra, löggilts fasteignasala eða tveggja vitundarvotta.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1979.

Gjört í Reykjavík 10. maí 1978.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Ólafur Jóhannesson.

16. maí 1978.

Nr. 74.

L Ö G

um heyrnar- og talmeinastöð Íslands.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkið starfrækir stofnun, sem nefnist heyrnar- og talmeinastöð Íslands. Stofnunin skal skipuð yfirlækni, sérmenntuðum í heyrnarfræði, í fullu starfi og skal hann annast faglega stjórn stofnunarinnar. Honum til aðstoðar skal vera yfirheyrnar- og taluppeldisfræðingur. Aðrir starfsmenn stofnunarinnar skulu vera heyrnar- og uppeldisfræðingar, heyrnarritarar, tæknimenn, hlustarstykkjasmíðir ásamt aðstoðarfólki.

2. gr.

Sjúkratryggingadeild Tryggingastofnunar ríkisins greiðir fyrir hönd ríkisins 90% af rekstrarkostnaði en sveitarfélögin 10%.

3. gr.

Ráðherra skipar yfirlækni að fengnum tillögum stöðunefndar samkvæmt lögum nr. 56/1973 um heilbrigðisþjónustu. Ennfremur skipar ráðherra yfirheyrnar- og taluppeldisfræðing að fengnum tillögum stjórnar stofnunarinnar. Aðrir starfsmenn skulu ráðnir af stjórn stöðvarinnar.

4. gr.

Stofnunin heyrir undir heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, sem skipar henni sérstaka stjórn. Skál stjórnin skipuð 7 mönnum til fjögurra ára í senn. Ráðherra skipar einn án tilnefningar og skal hann vera formaður. Menntamálaráðuneytið gerir tillögur um einn mann, Tryggingastofnun ríkisins um einn, Samband ísl. sveitarfélaga um einn, Foreldra- og styrktarfélag heyrnardaupra og Heyrnarhjálpi einn sameiginlega, Sérkennarafélag Íslands, talkennaradeild einn og Félag háls-, nef- og eyrnalækna einn.

5. gr.

Stofnunin skal annast hvers konar þjónustu við heyrnarskerta, t.d. prófun heyrnar og úthlutunar heyrnartækja. Stofnunin skal annast sjúkdómsgreiningu málhaltra, bæði barna og fullorðinna. Stofnunin skal halda skrá yfir alla þá landsmenn, sem eru heyrnarskertir og/eða málhaltir. Stofnunin skal annast heyrnarmælingar á fólki í fyrirbyggjandi tilgangi, t.d. vegna hávaða við vinnu eða notkunar lyfja. Skál stofnunin hafa fullt samráð við þá aðila opinbera, sem annast málefni á þessum vettvangi. Stofnunin skal hafa yfirumsjón með þjálfun og endurhæfingu heyrnarskertra og málhaltra, að því er tekur til heyrnartækjameðferðar og heyrnarrannsóknna.

6. gr.

Stofnunin skipuleggur ferðir sérfræðinga til aðstoðar heyrnardaupum úti á landi. Skulu slíkar ferðir farnar a. m. k. árlega. Stofnunin skal hafa náð samstarf við Háls-, nef- og eyrnadeild Borgarspítalans í Reykjavík, enda sé henni ætluð framtiðarstaðsetning í þegar hönnuðum húsakynnum göngudeildar H.N.E. í Borgarspítalanum.

7. gr.

Stofnunin hefur sérfræðilega umsjón með heyrnaruppeldis- og læknisfræðilegri meðferð og rannsókn allra nemenda Heyrnleysingjaskóla Íslands og leiðbeinir um meðferð þeirra. Skál þetta gert í fullu samráði við fræðsluyfirvöld. Sama gildir um sérdeildir heyrnardaupra í almennum skólum og um stofnanir og sérdeildir fyrir þroskaheft fólki.

8. gr.

Stofnunin hefur aðsetur í Reykjavík. Ráðherra er heimilt að stofna deildir í stærstu kaupstöðum landsins, þegar fé er veitt til slíks á fjárlögum. Slíkar deildir skulu starfa í samráði við stofnunina í Reykjavík.

9. gr.

Ráðherra setur stofnuninni og stjórn hennar starfsreglur.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 16. maí 1978.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Matthías Bjarnason.